

ICELANDAIR: TEKJUHÆSTI FJÓRÐUNGUR Í SÖGU FÉLAGSINS – HAGNAÐUR EFTIR SKATTA 11 MILLJARÐAR KRÓNA Á 3. ÁRSFJÓRÐUNGI 2023

- Hagnaður eftir skatta 11,3 milljarðar króna (84,5 milljónir USD) og jókst um 3,5 milljarða króna (26,6 milljónir USD) milli ára
- EBIT 15 milljarðar króna (112,0 milljónir USD) samanborið við 12,4 milljarða (92,7 milljónir USD) í fyrra
- Heildartekjur 74,7 milljarðar króna (560,4 milljónir USD), þær hæstu frá upphafi í einum fjórðungi og jukust um 17% á milli ára
- Met einingatekjur að fjárhæð 9,3 US sent og jukust um 1% á milli ára; farþegategndar einingatekjur jukust meira eða um 3%
- Neikvæð áhrif af fraktstarfsemi á EBIT um 900 milljónir króna (6,7 milljónir USD)
- Fjöldi farþega 1,5 milljón
- Farþegaaukning á markaðnum til Íslands 16%
- Eiginfjárhlutfall hækkar í 21% samanborið við 19% í upphafi árs
- Sterk lausafjárstaða að fjárhæð 58,6 milljarðar króna (423,7 milljónir USD)
- EBIT hlutfall ársins 2023 áætlað 3,3 - 4,3% af heildartekjum

BOGI NILS BOGASON, FORSTJÓRI

„Það er ánægjulegt að skila svo góðum árangri í okkar stærsta og mikilvægasta fjórðungi. Undirstaða góðrar afkomu var sterk tekjumyndun í farþegaflugi en þriðji ársfjórðungur þessa árs var tekjuhæsti fjórðungur í sögu félagsins. Rekstur leiðakerfisins gekk mjög vel og var sérstaklega ánægjulegt að ná fram bættri stundvísi. Flugáætlun okkar var jafnframt sú stærsta hingað til þegar kemur að fjölda flugferða. Við fluttum 1,5 milljónir farþega til 49 áfangastaða í Evrópu og Norður Ameríku. Þá réðum við um 1.000 starfsmenn fyrir sumarvertíðina og heildarfjöldi starfsfólks var um 4.400 yfir háannatímamann.

Fraktstarfsemi okkar var áfram krefjandi og hafði neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Unnið er að fjölbreyttum aðgerðum til að rétta reksturinn af, þar á meðal að aðlaga framboð að eftirspurn. Afkoma af leiguflugi var hins vegar áfram góð.

Horfur í farþegaflugi eru góðar og bókunarstaðan út árið og inn í næsta ár er sterkari nú en á sama tíma í fyrra. Eftirspurn er áfram mikil á ferðamannamarkaðnum til Íslands, sérstaklega frá Norður Ameríku. Mikill vöxtur hefur einkennt félagið að undanförunu en við höfum næstum þrefaldað flugáætlun okkar á síðustu tveimur árum. Vöxturinn verður hóflegur á næsta ári og sjáum við því tækifæri til að auka skilvirkni í rekstri. Við gerum ráð fyrir um 10% aukningu flugframboðs og munum bæði bæta við tíðni og spennandi nýjum áfangastöðum sem við munum kynna á næstunni.

Við erum vel í stakk búin til að takast á við framhaldið með sterkri fjárhagsstöðu, skýrri stefnu og fókusi, yfirgripsmiklu söluneti og í gegnum öflugt samstarf við önnur flugfélög. Ég vil þakka viðskiptavinum okkar fyrir að velja Icelandair og starfsfólki okkar fyrir frábært starf í sumar. Ég hlakka til að halda áfram að sækja fram með okkar öfluga teymi.“

VEFÚTSENDING 20. OKTÓBER 2023

Kynning á uppgjöri 3. ársfjórðungs 2023 verður í beinu streymi á <https://icelandairgroup.is>. Streymið hefst kl. 8:30 föstudaginn 20. október 2023 þar sem Bogi Nils Bogason forstjóri Icelandair og Ívar S. Kristinsson framkvæmdastjóri fjármála munu fara yfir uppgjörið og svara spurningum. Kynningin verður aðgengileg að fundi loknum á heimasíðu félagsins: <https://icelandairgroup.is> og undir fyrirtækjafréttum á heimasíðu Nasdaq Nordic: <http://www.nasdaqomxnordic.com/news/companynews>

LYKILTÖLUR

		3. ársfj. 23	3. ársfj. 22	Breyting	9 mán. 23	9 mán. 22	Breyting
Rekstrarniðurstaða							
Rekstrartekjur	USD þús.	560.357	486.727	73.630	1.207.792	974.337	233.455
þar af farþegatekjur	USD þús.	508.044	433.447	74.597	1.031.312	812.217	219.095
Rekstrarkostnaður	USD þús.	412.304	360.278	52.026	1.036.225	852.010	184.215
EBIT	USD þús.	112.015	92.720	19.295	71.244	35.588	35.656
EBT	USD þús.	106.204	73.809	32.395	56.443	13.446	42.997
Hagnaður	USD þús.	84.464	57.871	26.593	48.988	11.972	37.016
Efnahagur og sjóðstreymi¹							
Eignir	USD þús.	-	-	-	1.612.023	1.411.173	200.850
Eigið fé	USD þús.	-	-	-	336.572	273.386	63.186
Vaxtab. skuldir og leiguskuldb.	USD þús.	-	-	-	669.249	597.872	71.377
Nettó vaxtab. skuldir og leiguskuldb.	USD þús.	-	-	-	294.542	325.698	-31.157
Handbært fé og markaðsverðbréf	USD þús.	-	-	-	371.701	266.411	105.290
Handbært fé frá rekstri	USD þús.	-41.441	-49.110	7.669	240.593	156.485	84.108
Fjárfestingar, brúttó	USD þús.	16.501	55.749	-39.248	104.420	252.039	-147.619
Fjárfestingar, nettó	USD þús.	16.396	54.693	-38.297	103.629	141.015	-37.386
Helstu kennitölur							
Hagnaður á hlut	US sent	0,21	0,16	0,05	0,12	0,04	0,08
Eiginfjárlutfall	%	-	-	-	20,9%	20,0%	0,9 ppt
EBIT %	%	20,0%	19,0%	0,9 ppt	5,9%	3,7%	2,2 ppt
Einingatekjur ²	US sent	9,32	9,22	1%	8,74	8,32	5%
Einingakostnaður ²	US sent	7,28	7,42	-2%	8,21	8,22	0%
Einingakostnaður án eldsneytis ²	US sent	5,22	4,66	12%	6,08	5,56	9%
Flugferða áætlanir							
Fjöldi flugferða	fjöldi	5.781	5.228	11%	13.135	11.358	16%
Fjöldi farþega	fjöldi	1.530.224	1.430.002	7%	3.375.487	2.842.036	19%
Farþegar til Íslands	fjöldi	685.513	591.708	16%	1.432.316	1.184.033	21%
Farþegar frá Íslandi	fjöldi	157.919	154.267	2%	467.989	402.703	16%
Farþegar um Ísland	fjöldi	615.597	611.918	1%	1.275.001	1.064.972	20%
Farþegar innan Íslands	fjöldi	71.196	72.109	-1%	200.180	190.328	5%
Sætanyting	%	84,5%	87,6%	-3,1 ppt	82,9%	80,9%	2,0 ppt
Framboðnir sætiskm. (ASK)	millj.	5.543	4.820	15%	12.124	10.127	20%
Seldir sætiskm. (RPK)	millj.	4.683	4.220	11%	10.049	8.194	23%
Stundvísi millilandaflug (OTP)	%	77,9%	70,0%	7,9 ppt	77,0%	71,8%	5,2 ppt
Seldir frakt-tonn-km. (FTK)	þús.	44.993	29.661	52%	134.140	98.842	36%
Seldir blokk tímar	fjöldi	4.007	4.027	0%	11.537	10.748	7%
Heildarkolefnislosun (CO2) í tonnum	fjöldi	383.069	339.228	13%	846.070	728.262	16%
CO2 losun á hvern tonnkilómetra	nr.	0,74	0,73	1%	0,75	0,77	-2%
Starfsmenn							
Meðalfjöldi stöðugilda	fjöldi	4.070	3.457	18%	3.653	3.043	20%
Stöðugildi í lok tímabils	fjöldi	-	-	-	3.920	3.304	19%

¹ Samanburðatölur fyrir efnahag eru frá 31.12.2022 ² Einingatekjur: Tekjur á hvern framboðinn sætiskilómetri (ASK) í leiðakerfi Icelandair; Einingakostnaður : Kostnaður á hvern framboðinn sætiskilómetri (ASK) í leiðakerfi Icelandair

FLUTNINGATÖLUR

- **Fjöldi farþega 1,5 milljón í leiðakerfinu**
- **Mjög sterk eftirspurn frá N-Ameríku**
- **Stundvísi í millilandaflugi 78% og batnar um 8 prósentustig**

Icelandair flutti 1,5 milljón farþega á þriðja ársfjórðungi sem eru 7% fleiri farþegar en á sama tíma á síðasta ári. Farþegum á markaðnum til Íslands fjölgaði mest eða um 16% og voru 45% af heildarfjölda farþega. Eftirspurn var mjög sterk frá N-Ameríku og fjölgaði farþegum á þeim flugleiðum um 13% og nam sætanýtingin 87%. Farþegaaukning á Evrópuleiðum var 4% og sætanýting 82%. Stundvísi í millilandaflugi var góð, 78%, og batnaði töluvert eða um 8 prósentustig á milli ára.

Einingatekjur í leiðakerfinu voru þær hæstu í sögu félagsins og jukust um 1% á milli ára. Farþegategdar einingatekjur jukust meira eða um 3% á sama tímabili. Þetta er mjög góður árangur sérstaklega í ljósi mikillar framboðsaukningar á milli ára á helstu mörkuðum félagsins og sér í lagi á markaðnum til og frá Íslandi. Þannig var sætaframboð til landsins á fjórðungnum um 20% umfram 2019 á meðan það var sambærilegt á N-Atlantshafsmarkaðnum og árið 2019.

Flutt frakt mæld í frakt-tonn-kílómetrum jókst um 52% en frakttekjur um 4%. Bæði inn- og útflutningur dróst saman á milli ára, en þar hafði minni fiskútflutningur frá Íslandi talsverð áhrif. Flutt frakt yfir N-Atlantshafið jókst aftur á móti mikið vegna meira flugframboðs. Fjöldi seldra blokk tíma í leiguflegsstarfsemi var svipaður á milli ára.

Kolefnislosun á hvern tonn-kílómetra jókst á þriðja fjórðungi um 1% á milli ára sem skýrist af meira flugi á stærri fraktvélum.

REKSTUR

- **Afkoma góð í farþega- og leiguflogi**
- **Sterk tekjumyndun í farþegaflugi og met einingatekjur**
- **Neikvæð afkoma af fraktstarfsemi**

Afkoma var góð af farþegaflutningum félagsins og jukust farþegategjur töluvert á milli ára. Eftirspurn var mikil frá N-Ameríku og einingatekjur hækkuðu á milli ára þrátt fyrir mikið framboð af flugsætum til og frá Íslandi. Þá var afkoma af leiguflegsstarfsemi góð og jókst á milli ára, þrátt fyrir að tekjur stæðu í stað. Fraktstarfsemin hefur aftur á móti verið mjög krefjandi á árinu. Tekjuvöxtur var minni en vöxtur í fluttu magni og afkoman var neikvæð. Neikvæð áhrif á EBIT samstæðunnar voru töluverð eða tæpar 7 milljónir USD á fjórðungnum. Unnið er að því að bæta afkomuna með fjölbreyttum aðgerðum.

Heildartekjur námu 560,4 milljónum USD á þriðja ársfjórðungi 2023 og jukust um 15% á milli ára og eru þær hæstu í sögu félagsins í einum fjórðungi. **Farþegategjur**, námu 508,0 milljónum USD samanborið við 433,4 milljónir USD á síðasta ári. Tekjur frá N-Ameríku voru 56% af heildartekjum fjórðungsins. **Tekjur af flugfrakt** námu 21,0 milljón USD samanborið við 20,2 milljónir USD á síðasta ári. **Leiguflogstekjur** námu 13,7 milljónum USD og stóðu í stað á milli ára. **Aðrar tekjur** námu alls 17,7 milljónum USD, samanborið við 19,6 milljónir USD á síðasta ári.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 412,3 milljónum USD og jukust um 14% eða 52,0 milljónir USD á milli ára. **Laun og launategd gjöld** námu 102,2 milljónum USD samanborið við 74,8 milljónir USD á þriðja ársfjórðungi síðasta árs. Ástæður þessarar hækkunar eru meira umfang í starfsemi og miklar launahækkunar á Íslandi, þar á meðal fyrsta launahækkun flugstétta frá árinu 2020 sem tóku gildi frá 1.

júní fyrir flugmenn og 1. september fyrir flugfreyjur og -þjóna. Styrking íslensku krónunnar á móti Bandaríkjadal kom einnig til hækkunar á launakostnaði, en hann er nær eingöngu í íslenskum krónum. Auk þess höfðu tafir á innkomu flugvéla og breytingar á flugáætlun, sérstaklega í fraktstarfsemi, áhrif til hækkunar á áhafnakostnaði. Stöðugildi voru að meðaltali 4.070 í fjórðungnum og jukust um 18% milli ára. **Eldsneytiskostnaður** nam 121,4 milljónum USD í fjórðungnum og lækkaði um 11% á milli ára þrátt fyrir að framboð hafi verið aukið um 15% á sama tíma í farþegafluginu. Skýrist það af lækkandi eldsneytisverði, en vegið verð félagsins, að teknu tilliti til afgreiðsluálags og varna lækkaði um 29% milli ára og var USD 910 á hvert tonn. Hlutfallslega meira flug á sparneytnum Boeing MAX flugvélum kom einnig til hækkunar á eldsneytiskostnaði. **Annar flugtengdur kostnaður**, sem samanstendur af flugvélaleigu, afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjöldum ásamt viðhaldskostnaði, nam 85,1 milljón USD samanborett við 68,8 milljónir USD í þriðja ársfjórðungi 2022. Hækkun afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjalda umfram framboðsaukningu í leiðakerfinu skýrist af miklum verðhækkunum þjónustuaðila ásamt meira fraktflugi. **Annar rekstrarkostnaður** var 103,6 milljónir USD, og jókst um 23,6 milljónir USD, að mestu leyti vegna meiri umsvifa en á síðasta ári.

Einingatekjur (tekjur á hvern framboðinn sætiskílómetra) á þriðja fjórðungi 2023 námu 9,3 US sent og hafa aldrei verið hærri hjá félaginu. Aukning á milli ára var 1%. Farþegategdar einingatekjur jukust meira eða um 3% á milli ára. **Einingakostnaður** (kostnaður á hvern framboðinn sætiskílómetra) var 7,3 US sent, og lækkaði um 2% á milli ára. Einingakostnaður án eldsneytis, jókst um 12% á milli ára og skýrist það að mestu leyti af verðlagshækkunum á aðkeyptri flugtengdri þjónustu ásamt launahækkunum.

EFNAHAGUR OG SJÓÐSSTREYMI

- **Eiginfjárlutfall 21%**
- **Lausafé USD 423,7 milljónir**

Efnahagsreikningur

Heildareignir námu 1,6 milljarði USD í lok þriðja ársfjórðungs 2023 og jukust um 200,9 milljónir USD frá áramótum. Varanlegir rekstrarfjármunir námu 539,2 milljónum USD og jukust á tímabilinu um 33,6 milljónir USD vegna kaupa á þremur hreyflum, einni Bombardier Dash 8 Q400 flugvél, viðhaldi á eigin hreyflum og flugvélum ásamt fjárfestingum í nýjum höfuðstöðvum. Leigueignir námu 363,6 milljónum USD, og jukust um 44,7 milljónir USD á árinu vegna samninga um eina B767-300 fraktvél, tvær B737 MAX 8 flugvélar og einn leiguhreyfil. **Eigið fé** nam 336,6 milljónum USD og eiginfjárlutfall í lok fjórðungsins var 21% samanborett við 19% í byrjun árs. **Vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar** námu alls 669,2 milljónum USD og jukust um 71,4 milljónir USD frá áramótum, að mestu vegna flugvéla. **Nettó vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar** voru 294,5 milljónum USD og lækkuðu um 31,2 milljónir USD samanborett við byrjun árs vegna betri sjóðsstöðu í kjölfar mikillar fyrirframsölu.

Sjóðsstaða

Handbært fé og markaðsverðbréf námu 371,7 milljónum USD í lok september 2023. Nettó sjóðsstreymi til rekstrar nam 41,4 milljónum USD á fjórðungnum. Nettó fjárfestingahreyfingar námu 41,7 milljón USD, þar af fjárfestingar að fjárhæð 16,4 milljónir USD, sem voru að stórum hluta vegna yfirhals á eigin flugvélum ásamt fjárfestingum í nýjum höfuðstöðvum. Nettó fjármögnunarhreyfingar námu 30,0 milljónum USD vegna endurgreiðslu vaxtaberandi lána og rekstrarleiguskuldbindinga. Óáðregnar lánalínur félagsins nema 52,0 milljónum USD og að teknu tilliti til þeirra er lausafjárstaðan í lok fjórðungsins 423,7 milljón USD.

HORFUR

Bókunarstaðan sterk á 4. ársfjórðungi 2023

Horfur í farþegaflugi félagsins eru góðar og er bókunarstaðan sterkari núna en á sama tíma í fyrra fyrir 4. ársfjórðung, þrátt fyrir 30% aukningu í sætaframboði á markaðnum til Íslands miðað við árið 2019. Til samanburðar er framboðs aukningin hjá Icelandair tæplega 5%. Félagið er vel í stakk búið til að takast á við þessa stöðu með yfirgripsmiklum söluinnviðum, sterku alþjóðlegu vörumerki, verðmætum samstarfssamningum við önnur flugfélög, ásamt öflugum þjónustuframboði.

Áframhaldandi vöxtur leiðakerfis félagsins

Flugáætlun ársins 2023 var sú stærsta í sögu félagsins ef litið er til fjölda ferða og er gert ráð fyrir að aukning flugframboðs verði um 10% á árinu 2024. Ferðum verður fjölgað til núverandi áfangastaða og í skoðun er að hefja flug til nýrra áfangastaða sem nánar verður tilkynnt um von bráðar. Framboð verður aukið hlutfallslega meira á hinum sterka Norður-Ameríku markaði sem jafnframt mun styrkja Evrópuleiðakerfið. Tíðni og framboð verður sérstaklega aukið á áfangastaði þar sem Icelandair er með sterka samstarfsaðila en slíkt samstarf hefur verið farsælt síðustu misserin. Alls verða 42 vélar nýttar til farþegaflugsins næsta sumar, þar af verða 21 Boeing MAX vélar, þremur fleiri en sumarið 2023.

Fjölbreyttar aðgerðir til að bæta afkomu í fraktstarfsemi

Fraktstarfsemi félagsins hefur verið mjög krefjandi á árinu sökum erfiðra aðstæðna á mörkuðum. Á fyrstu 9 mánuðum ársins var EBIT neikvæð um tæpar 15 milljónir USD og versnaði um 18,5 milljónir USD á milli ára. Félagið vinnur nú að því að bæta afkomuna í starfseminni með fjölbreyttum aðgerðum. Flugáætlun hefur verið aðlöguð betur eftirspurn á helstu mörkuðum, einni B757 fraktflugvél verður skilað til leigusala næsta vor og félagið leitar leiguverkefna fyrir aðra B767 fraktvél félagsins á meðan aðstæður á helstu mörkuðum eru með þeim hætti sem nú er. Langtímahorfur í fraktstarfsemi félagsins eru hins vegar góðar.

Góður gangur í leiguflugsstarfsemi

Leiguflugsstarfsemin hefur gengið mjög vel á árinu. Samningar um framlengingu þriggja véla ásamt innleigu á einni vél til viðbótar allt fram til ársins 2029 hafa verið gerðir við stærsta viðskiptavin félagsins. Þá hefur viljayfirlýsing verið undirrituð um fimmtu vélina. Heimsferðir hafa gengið vel og mun slíkum verkefnum fjölga töluvert þegar einni vél verður bætt við flotann á næsta ári, til viðbótar við þær tvær vélar sem sinna slíkum verkefnum í ár. Horfur framundan eru því góðar og séð fram á aukin umsvif.

Á góðri leið að ná langtíma afkomumarkmiði

Undirliggjandi rekstur farþega- og leiguflugs er sterkur og ef fraktstarfsemin myndi skila sömu afkomu á þessu ári og að meðaltali á síðustu árum, að undanskildum Covid árunum 2020 og 2021, væri EBIT afkomuspá ársins 4,9 - 5,9% af tekjum í stað 3,3 - 4,3% eins og núverandi afkomuspá segir til um. Vöxtur leiðakerfisins verður hóflegur á næsta ári í samanburði við síðustu ár, en flugáætlun félagsins síðustu tvö ár hefur nánast þrefaldast. Sú staða gefur félaginu tækifæri til að auka skilvirkni í rekstri. Auk þess eru tækifæri til að hækka einingatekjur með því að nýta öflugna innviði félagsins enn betur. Þannig er félagið á góðri leið að ná langtíma afkomumarkmiði sínu um 8% EBIT hlutfall.

AFKOMUSPÁ 2023

Afkomuspá fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir að heildartekjur verði um 1,5 milljarðar dala og að rekstrarhagnaður (EBIT) verði á bilinu 50-65 milljónir dala sem samsvarar 3,3 - 4,3% af tekjum. Gert er ráð fyrir hagnaði af rekstri félagsins eftir fjármagnsliði og skatta fyrir árið í heild.

EBIT %	Allt árið	3,3-4,3%
Nettó fjárfestingar í USDm	Allt árið	~150-160
Framleiðslubreyting	Allt árið	~20%
Meðal eldsneytisverð m/t USD	4. ársfj.	964
Meðal útblástursheimildir per eining EUR	4. ársfj.	85
Meðal gengi USD/ISK	4. ársfj.	138

Staða eldsneytisvarna í farþegaflugi

Tímabil	Magn varið í tonnum	% af áætlaðri heildarnotkun	Vegið verð USD
Q4 2023	29.000	40%	856
Q1 2024	20.500	33%	811
Q2 2024	26.500	26%	840
Q3 2024	7.000	5%	842

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

Fjárfestar: Íris Hulda Þórisdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla. Netfang: iris@icelandair.is

Fréttamiðlar: Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: asdis@icelandair.is

FJÁRHAGSDAGATAL

- Ársuppgjör 2023 – 1. febrúar 2024
- Aðalfundur – 7. mars 2024